

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 119/2014****2014/EES/71/07****frá 27. júní 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 133/2014 frá 31. janúar 2014 um breytingu, að því er varðar losunarmörk, á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011, í því skyni að aðlaga þær að tækniframförum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 136/2014 frá 11. febrúar 2014 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 að því er varðar losun frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008):
„– **32014 R 0136**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 136/2014 frá 11. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 43, 13.2.2014, bls. 12).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 45zx (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB) og lið 45zzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011):
„– **32014 R 0133**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 133/2014 frá 31. janúar 2014 (Stjtið. ESB L 47, 18.2.2014, bls. 1),
– **32014 R 0136**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 136/2014 frá 11. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 43, 13.2.2014, bls. 12).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zzk (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009):
„– **32014 R 0133**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 133/2014 frá 31. janúar 2014 (Stjtið. ESB L 47, 18.2.2014, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 133/2014 og (ESB) nr. 136/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 47, 18.2.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 43, 13.2.2014, bls. 12.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.